

STJÓRNARTÍÐINDI B 32 – 1994

Nr. 227

650

2. maí 1994

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir
Ólafsvíkurkaupstað, nr. 813 28. desember 1983.

58. gr. orðist svo:

Allir almennir veitinga- og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 23.30 til kl. 06.00 að morgni; þó er heimilt að hafa opið til kl. 03.00 aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags. Heimilt er að selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ólafsvíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir, nr. 36 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. maí 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 228

23. mars 1994

AUGLÝSING

um fjölda kennslustunda í 1. - 10. bekk grunnskóla
og skiptingu þeirra milli námsgreina.
(Viðmiðunarstundaskrá)

1. gr.

Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 133/1992 um skiptingu kennslustunda milli námsgreina. Auglýsingin gildir frá og með skólaárinu 1994 - 95 og þar til öðruvísi verður ákveðið.

2. gr.

Heildarfjöldi nemendastunda í 1. - 10. bekk grunnskóla skal að lágmarki vera þessi:

1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.	bekkur
25	25	25	26	28	30	32	34	34	34	stundir

3. gr.

Nemendastundir skiptast á námsgreinar og námsár eins og sýnt er í töflunni.